

435. fundur velferðarnefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 17. janúar 2019
og hófst hann kl. 08:10.

Fundinn sátu:

Tinna Hrund Hlynsdóttir formaður, Þórir Guðmundsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Gunnhildur Björk Elíasdóttir, Hulda María Guðjónsdóttir aðalmaður, Bragi Rúnar Axelsson aðalmaður og Auður Helga Ólafsdóttir aðalmaður.

Embættismenn:

Sædís María Jónatansdóttir, deildarstjóri félagsþjónustu, Margrét Geirsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs og Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir, ráðgjafi á velferðarsviði.

Fundargerð ritaði: Sædís María Jónatansdóttir, deildarstjóri í félagsþjónustu.

Bragi Rúnar Axelsson vék af fundi undir umræðu um 5. lið dagskrárinnar.

Dagskrá:

1. Trúnaðarmál. - 2011090094

Ekkert trúnaðarmál lagt fram.

2. Stígamót - styrkbeiðni - 2016090015

Lagt fram bréf dags. 31. október 2018 frá Þórunni Þórarinsdóttur þar sem óskað er eftir fjárstuðningi og samstarfi um reksturinn.

Velferðarnefnd Ísafjarðarbæjar samþykkir umsóknina á sömu forsendum og verið hafa. Velferðarnefnd hefur gert ráð fyrir styrknum í fjárhagsáætlun 2019.

3. Fjölsmiðja - samstarfsverkefni Starfsendurhæfingar og Vesturafis - 2014090066

Lögð fram drög að samningi Ísafjarðarbæjar og Vesturafis um Fjölsmiðju.

Velferðarnefnd lýsir ánægju sinni með samninginn og leggur til við bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar að hann verði samþykktur. Gert er ráð fyrir styrknum í fjárhagsáætlun ársins 2019.

4. Samstarfssamningur - 2014050003

Lögð fram drög að samningi Ísafjarðarbæjar og geðræktarmiðstöðvarinnar Vesturafis.

Velferðarnefnd lýsir ánægju sinni með samninginn og leggur til við bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar að hún samþykki hann. Gert er ráð fyrir styrknum í fjárhagsáætlun ársins 2019.

5. Jafnréttisáætlun og jafnlaunakönnun - 2010050008

Lögð fram jafnréttisstefna Ísafjarðarbæjar sem velferðarnefnd hyggst endurskoða á næstu mánuðum. Unnið verður að endurskoðun í tengslum við heimsókn frá

Jafnréttisstofu sem mun kynna tvenn lög um bann gegn mismunun á grundvelli fleiri þátta en kyns.

Velferðarnefnd mun skipuleggja vinnufundi í tengslum við heimsókn Jafnréttisstofu og endurskoðun á jafnréttisáætlun Ísafjarðarbæjar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:05

Tinna Hrund Hlynsdóttir

Gunnhildur Björk Elíasdóttir

Hulda María Guðjónsdóttir

Bragi Rúnar Axelsson

Auður Helga Ólafsdóttir

Sædis María Jónatansdóttir

Margrét Geirsdóttir

Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir